

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 30. ágúst 2016.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki. 794. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins (SA) um framangreint mál. Frumvarpið hefur að geyma heildarendurskoðun á gildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Meginhlutverk sjóðsins er sem fyrir að gefa námsmönnum tækifæri til að mennta sig án tillits til efnahags og skila til samfélagsins vel menntuðum einstaklingum. LÍN hefur átt stóran þátt í að hækka menntunarstig þjóðarinnar á umliðnum áratugum og stuðlað þar með að aukinni velsæld.

SA telja að í grundvallaratriðum sé framangreindu meginhlutverki LÍN fylgt eftir í frumvarpinu og einstaklingum tryggður greiður aðgangur að háskólanámi.

Stuðningur ríkisins til námsmanna hefur falist í hagstæðum lánakjörum og að námslán séu ekki alltaf að fullu greidd upp. Ríkisstuðningurinn er mjög misskiptur og þeir fá mestan styrkinn sem taka hæsta námslánið. Ekkert sambengi er á milli fjárhæðar láns og endurgreiðslu sem eru einkum tengdar tekjum viðkomandi að námi loknu en ekki bundnar höfuðstól lánsins. Niðurstöður áhættugreiningar sjóðsins sýna að mjög háum námslánunum til fámenns hóps lánþega hefur fjölgað. Þessi lán verða einungis endurgreidd að litlum hluta. Þannig fá sumir námsmenn mjög háa styrki til náms en aðrir mun minna.

Öflugt menntakerfi er lykilþáttur til að efla samkeppnishæfi þjóða, er drifkraftur mannauðs og grunnstoð samfélagsinnviða. Breið sátt ríkir um grundvöll íslenska menntakerfisins. Aðgengi að menntun á að vera greitt, fjárfesting í menntun á að vera forgangsatríði og fjármunum ber að ráðstafa skynsamlega.

Í frumvarpinu er fjallað um háskólastigið og möguleika námsmanna til námsstyrkja og námslána. Lánasjóður íslenskra námsmanna er mikilvægt tæki til að efla menntun, alþjóðleg tengsl þekkingarsamfélagsins og skapa grundvöll að hagsæld til frambúðar. Það eru hagsmunir atvinnulífsins að fólk með fjölbreytta hæfni, færni og reynslu geti notið jafnra tækifæra til náms. Námsmenn bera síðan víðtæka þekkingu út í atvinnulífið. SA telja því mikilvægt að vanda til nauðsynlegrar endurskoðunar á regluverki um námsaðstoð á háskólastigi.

Samtök atvinnulífsins komu að athugasemdum á fyrri stigum málsins, skriflega til ráðherraskipaðrar nefndar um LÍN og síðar munnlega á fundi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hefur í mörgum atriðum verið komið til móts við helstu sjónarmið samtakanna. SA leggja áherslu á að reglur um úthlutun námslána séu gegnsæjar, réttlátar og leiði til aukinnar skilvirkni.

SA vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem horfa til mikilla framfara:

- Með beinum styrkgreiðslum (65.00 krónur á mánuði í hámark 45 mánuði) er stuðningur ríkisins til námslána/námsaðstoðar gerður sýnilegur. Samkvæmt gildandi lögum niðurgreiðir ríkið vaxtakjör námslána og fær fólk takmarkaða tilfinningu fyrir því hvaða raunverulegur stuðningur ríkisins felst í námslánunum hvers einstaklings.
- Hvati er fyrir nemendur til að ljúka námi hraðar en áður.

- Hvati er fyrir nemendur að vanda vel námsval og kynna sér möguleika sem standa nemendum til boða að námi loknu. Getur stuðlað að þjóðhaglegum sparnaði.
- Námslánakerfið er fært í átt að því sem er á Norðurlöndunum og er því samanburðarhæfara en áður. Þar hefur náðst ágæt sátt um kerfi sem nýtist skólum, nemum og atvinnulífi.

Samtök atvinnulífsins vilja einnig koma eftirfarandi á framfæri:

- Þýðingarmikið er að nýtt fyrirkomulag námsaðstoðar byggji betur undir iðn- og tækninám og mikilvægt er að horft sé til langvarandi vöntunar á fólki með slíkan bakgrunn.
- Hámark námsstyrks að 15 milljónum króna kann að hafa áhrif á þá sem hyggjast stunda nám í útlöndum. Jafnframt er mikilvægt að ekki séu hindranir fyrir nemendur að sækja framhaldsnám við erlenda háskóla sem eru framúrskarandi á sínu sviði. Möguleiki til sérhæfingar í námi er mikilvægur, eykur fjölbreytni í atvinnulífi og getur ýtt undir nýsköpun í tengslum við háskóla og atvinnulíf eins og dæmin sanna.
- Endurgreiðsla námslána breytist með frumvarpinu til samræmis við það sem gerist á Norðurlöndum. Samhliða því er mikilvægt að hafa í huga grundvallarhlutverk LÍN um jöfn tækifæri til náms óháð búsetu eða félagslegum þáttum.

Samtök atvinnulífsins hafa bent á undirfjármögnun háskóla á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Jafnframt hafa samtökin hvatt til ákveðinna breytingar á háskólakerfinu sem auka á skilvirkni og gegnsæi þess. Þetta frumvarp er mikilvægur hlekkur í slíkum breytingum.

Í heildina eru breytingar þær sem boðaðar eru á LÍN, námslánunum og námstyrkjum til bóta fyrir íslenskt menntakerfi. Samtök atvinnulífsins mæla því með að frumvarpið verði afgreitt eftir málefnalega umfjöllun Alþingis.

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir